



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Febrúar og mars 2017



13. febrúar 2017

Nú þegar liðið er vel á þorra er tímabært að senda fréttir úr skólanum.

Janúar nýttist flestum vel í skólastarfinu. Því miður hefur verið talsvert um föll starfsmanna sem hefur sett mark sitt á skólastarfið. Við höfum eftir fremsta megni reynt að bjarga málum eins vel og við getum.

Stærðfræði var gerð að meginviðfangsefni á smiðjudegi 3. febrúar. Hefðbundin stundaskrá var sett til hliðar og nemendur unnu saman í aldursblönduðum hópum að skemmtilegum viðfangsefnum sem höfðu það að markmiði að þjálfa leikni í stærðfræði.

Á starfsmannafundi í byrjun febrúar var ýmislegt rætt um snjalltækjanotkun í skólanum. Skólaráð fjallaði einnig um málið á fundi í janúar. Það er tilefni til því það ber á því að snjalltæki séu farin að trufla og stela athygli fólks heldur óþyrmilega frá því sem því er ætlað að fást við. Skólinn vill leggja áherslu á umræðu um notkun snjalltækja og vekja athygli á viðmiðum um skjánotkun barna og unglunga sem gefin hafa verið út af Akureyrarbæ. Viðmiðin eru afrakstur málþings sem haldið var á vegum Samtaka—samtökum foreldrafélaga á Akureyri, ungmenningaráðs, forvarnarteymis og frístundaráðs.

Læsi er í brennidepli í skólanum. Læsi er margþætt en það sem við hugum sérstaklega að um þessar mundir og viljum fá foreldra til liðs við er heimalestur nemenda. Þrátt fyrir að nemendur hafi náð tókum á tilskilinni lestrartækni á yngsta eða miðstigi er nauðsynlegt að halda lestrarnámi áfram og lesa með hliðsjón af markmiði, greina það efni í texta sem skiptir máli hverju sinni og vinna úr því. Lesfimi er mikilvæg til þess að þessi markmið náist og æfing er nauðsynleg.

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Elínu, Helgu og Tómasi Lárusi

5. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- **Bros** kostar ekkert en ávinnur mikið
- **Bros** getur dimmu í dagsljós breitt

Efnisyfirlit:

<i>Febrúar og mars</i>	1
<i>Betri og vandaðri...</i>	2
<i>Símareglur</i>	2
<i>Vetrarfrí</i>	2
<i>Himnaríki</i>	3
<i>Viðburðir í febrúar og mars</i>	3
<i>Morgunkaffi</i>	4
<i>Allir lesa - bingó</i>	4
<i>Læsisstefna</i>	4
<i>Nemendaráð</i>	4
<i>Starfsmenn</i>	4
<i>Heimsókn</i>	

Betri og vandaðri lestur, vönduð skrift og vinnubrögð



Að gefnu tilefni finnst okkur í Glerárskóla ástæða til þess að vekja nemendur og foreldra til umhugsunar um vönduð vinnubrögð og mikilvægi þess að viðhalda og efla lestur á sem fjölbreyttastan hátt.

Nú hrindum við af stað átaki til þess að efla lestur allra nemenda og vísun til þess að það er í gangi þjóðaráttak til þess að efla læsi.

Í þjóðarsáttmála um læsi segir:

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla. Foreldrar og aðstandendur þurfa að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri.. (https://www.menntamalaraduneyti.is/media/hvitbokargogn/Thjodarsattmali_um_laesi_einblodungur.pdf)

Frá og með mars og fram á vor á að skrá heimalestur allra nemenda skólans í þar til gerð kvittanahefti og skila inn mánaðarlega. Forráðamenn bera ábyrgð á því að fylgjast með lestrinum og kvitta fyrir. Kennarar fylgjast með að þessu sé sinnt og bregðast við ef ástæða er til.

Yngsta stig: Heimalestur 5 x í viku (upphátt).

Miðstig: Heimalestur 5 x í viku (þar af 3x upphátt). Þeir sem eru undir 150 atkv. Lesi alltaf upphátt.

Elsta stig: Heimalestur 3 x í viku (15 mín. og þar af einu sinni upphátt).

Heimalestur



Símareglur—Reglur um notkun snjalltækja



Skólaregla Glerárskóla um notkun síma er eftirfarandi:

Nemendum er óheimilt að nota síma, tölvur og tónspilara í kennslustundum nema með leyfi kennara. Farsíma má aldrei nota í skólanum til að hringja, svara símtali eða senda SMS.

Þessi regla er í endurskoðun en gildir að sjálfsögðu eins og hún stendur þar til annað verður gefið út. Við leggjum áherslu á að símar séu ekki til brúks á ákveðnum stöðum í skólanum og má þar nefna matsal og í kennslustundum nema með leyfi kennara..

Ef foreldrar þurfa nauðsynlega að hafa samband við börn sín á skólatíma er hægt að hringja í síma 4612666.

Vetrarfrí 1.—3. mars

Í vetrarfríinu verður frístund lokuð á skólatíma.

Opið verður á tímanum 13:15—16:15 fyrir börn sem þar eru skráð.

Himnaríki—félagsmiðstöðin

Þar sem Ingólfur okkar er að ferðast um heiminn hefur Viktor Helgi Hjartarson verið ráðinn í hans stað.

Lóa hefur nú alfarið tekið við miðstigsstarfi Himnaríkis. MiðHús verður aðra hverja viku kl 15:00-16:30 en í þessum mánuði er það 7. febrúar og 21. febrúar.

Fótboltamót Félak verður haldið í Oddeyrarskóla þann 20. febrúar kl 19:30-21:30, lokað er í öðrum félagsmiðstöðvum þetta kvöld og keppt verður í 3ja og 4ra manna liðum.

Hönnunarkeppni Félak, Furðuverk, verður haldið 23. febrúar í Tróju. Sigurliðið fær að fara á Hönnunarkeppni Samfés sem haldin verður í Reykjavík þann 4. mars. Þemað í ár er Gyðjur og Goð en keppt er í heildrænni hönnun, hár, fördun og breyttum fatnaði eða fatnaði sem búinn er til frá grunni. Í hverju liði eru einn til fjórir og þar af eitt módel.

Kveðja

Dagný

„Fólk sem á sér markmið nær árangrí vegna þess að það veit hvert það ætlar“
Earl Nightingale

Viðburðir í febrúar og mars 2017

3. febrúar: Dagur stærðfræðinnar—Smíðjudagur með áherslu á stærðfræði

8. febrúar: Rannsókn og greining - spurningakönnun lögð fyrir nemendur í 5.—10. bekk.

13. febrúar: Heimsókn frá Hulduheimum-Koti. Samvinna leik- og grunnskóla

15. febrúar: Þorgrímur Þráinsson heimsækir 10. bekk og 5.—7. bekk.

20. febrúar: Heimsókn frá Hlíðabóli. Samvinna leik- og grunnskóla

23. febrúar: 9. bekkur heimsækir Aflið

24. febrúar: Kl. 9:00—11:00 verður opið hús í Glerárskóla fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólanám 2017

1.—3. mars: Vetarfrí

7. mars: Samræmt próf í íslensku og ensku í 10. bekk

8. mars: Samræmt próf í íslensku og ensku í 9. bekk

9. mars: Samræmt próf í stærðfræði og ensku í 10. bekk

10. mars: Samræmt próf í stærðfræði og ensku í 9. bekk

13. mars: Fjölmenningarfræðsla í 6. bekk

20. mars: Áætlað að fara með alla nemendur skólans í Hlíðarfjall

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

**Við erum á Facebook:
Glerárskóli**

Nemendaráð

28. febrúar verður búningadagur í skólanum.



Starsmannabreytingar

Kári Ellertsson sem ráðinn var til forfallakennslu fékk stöðu í Naustaskóla og flutti sig þangað í byrjun febrúar. Jóhanna Margrét Þórisdóttir hefur verið ráðin í forföll.

Selma Malmquist kennari hefur sagt upp starfi sínu í Glerárskóla og unnið er að ráðningu kennara í hennar stað.

Morgunkaffi með stjórnendum!

Morgunkaffi með stjórnendum er óformlegt samtal forráðamanna og stjórnenda Glerárskóla. Morgunkaffið er frá kl. 8:15—8:45 á kaffistofu starfsmanna.

Í febrúar verður morgunkaffi með stjórnendum sem hér segir:

Miðvikudaginn 15. febrúar **5. bekkur**

Föstudagurinn 17. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagurinn 22. febrúar: **2. bekkur**

Föstudagurinn 24. febrúar: **10. bekkur**

Allir lesa

Nú er landsleikurinn Allir lesa í fullum gangi og tæplega 2.000 þátttakendur hafa tekið þátt. Nóg er eftir og enn bætast við nýir notendur daglega.

Til að gera lesturinn enn skemmtilegri er hér slóð að bókabíngó Allir lesa sem hægt er að prenta út. Þetta er fyrst og fremst til gamans gert og tilvalið fyrir yngri lesendur sem vantar lestrarhvatningu en eldri lesendur geta líka fundið margt við sitt hæfi á bingóspjaldinu. Nálgað má bingóið á þessari slóð:
<http://allirlesa.is/library/Myndir/B%C3%93KABING%C3%93.jpg>



Læsisstefna leik- og grunnskóla á Akureyri

Auglýst er eftir foreldrum til að taka þátt í gerð læsisstefnunnar. Þeir foreldrar sem sjá sér fært að taka þátt eða vilja nánari upplýsingar eru beðnir um að hafa samband við Elínu skólastjóra.

Heimsókn



Landsliðskonur í knattspyrnu heimsóttu okkur á dögnum og ræddu við nemendur á miðstigi um mikilvægi markmiðssetningar og heilbrigðs lífennis, þá ekki síst um góðar svefnvenjur.